

Skólaráðsfundur 19. maí 2023

Mættir voru Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir skólastjóri, Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna, Helgi Alfreðsson fulltrúi foreldra grunnskólabarna, Halldór Björke og Þórdís Lilja fulltrúar nemenda, Sýlvía Sigurðardóttir fulltrúi almenns starfsfólks grunnskólans, Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúi kennara.

Skólastjóri setti fund og bauð alla velkomna.

Dagskrá:

1. skólaráð,
2. skóladagatal leik- og grunnskólans,
3. innra mats skýrslan,
4. skipun næsta skólaárs.
5. önnur mál

1. Í skólaráðið fyrir næsta skólaráð vantar fulltrúa nærsamfélagsins en reynt verður að finna fulltrúa fyrir næsta skólaár.
2. Anna lagði skóladagatal næsta skólaárs fyrir. Hún sagði að það væri sameiginlegt fyrir báða skólana. Breyting verður hjá leikskólanum að á fyrsta miðvikudegi í mánuði verður hann lokaður kl. 15:00 vegna sameiginlegs fundartíma allra skóla sveitarfélagsins.
Fyrirspurn kom frá fulltrúa nemenda hvers vegna ekki væri konudagskaffi fyrir nemendur grunnskólans. Þessi hugmynd rædd en engin ákvörðun tekin.
Fulltrúi foreldra lýsti yfir ánægju sinni yfir sameiginlegu dagatali leik- og grunnskólans. Einnig spurði hann hvort áframhald yrði á því að foreldrafélagið sæi um öskudagsskemmtunina. Skólastjóri sagði að svo yrði en skóli yrði fram að hádegi. Einnig kom fram að ekki yrði áfram boðið upp á niðurfellingu gjalda hjá leikskólanum í dymbilvikunni og fyrir jól og milli jóla og nýárs.
Skóladagatalið var samþykkt.
3. Skólastjóri lagði fram skýrslu innra mats teymis skólanna til samþykktar. Kom fram hjá skólastjóra að þetta væri í fyrsta skipti sem innra mats skýrsla er gerð hjá leikskólanum.
Fyrirspurn kom frá nemenda hvað innra mat væri. Skólastjóri útskýrði það fyrir honum.
Fulltrúi foreldra spurði hvort ráðið ætti að óska eftir því að ytra mat yrði gert á leikskólanum. Kom fram hjá skólastjóra að það hefði verið lögð fram ósk um það en það hefði ekki náð í gegn. Skólastjóri sagði að staðan á leikskólanum væri ekki góð starfsmannalega séð. Því telur skólaráð að það sé mjög brýnt að ytra mat verði framkvæmt á leikskólanum Y1 sem fyrst.

4. Skólastjóri sagði hver staðan væri fyrir næsta skólaár. Í leikskólann mun vanta þrjá starfsmenn í 100% starf og einn í 50% starf. Ákveðið hefur verið að taka ekki inn börn í haust svo framarlega sem ekkert breytist.

Skólastjóri sagði að ákveðið hefði verið að þeir sem væru í Þingeyjarskóla yrðu þar áfram. En verðandi nemendur 7. og 8. bekkjar verða í Reykjahlíðarskóla og er búið að ráða umsjónarkennara á unglíngastigið.

Skólastjóri sagði að hún hefði lagt til að allt unglíngastig myndi hittast einu sinni í viku á Laugum og var tekið vel í það í fyrstu hjá öðrum skólum sveitarfélagsins. En nú hefur dregið úr áhuga hinna skólanna á að koma þessum degi á. Einnig sagði hún að hún hefði lagt til að miðstigið færi líka á Lauga einu sinni í viku í íþróttir og sund saman með nemendum hinna skólanna. Það féll ekki í góðan jarðveg hjá hinum skólunum. Eftir umræður um gagnsemina sem kæmi af þessu, bæði félags- og námslega fyrir nemendur, leggjum við til að þessari umræðu verði haldið áfram innan skólasamfélags sveitarfélagsins.

5. Önnur mál.

Fulltrúi nemenda lýsti yfir áhyggjum sínum á orðbragði nemenda skólans, sérstaklega þeirra yngri. Starfsmenn skólans tóku undir það.

Fulltrúi foreldra sagði að það væri ekki alltaf auðvelt að ala upp barn í dag, það væri mikið áreiti gagnvart börnunum, ekki síst í orðum.

Fram kom hjá fulltrúa starfsfólks grunnskólans að það væri frábært framtak hjá foreldrafélaginu að nota starfsdag grunnskólans til að bjóða nemendum upp á fjörferðina þann 24. maí. Um leið og þeim er þakkað fyrir þeirra framtak hvetjum við foreldrafélagið til að fá fræðslu frá Heimili og skóla varðandi samskipti og samfélagsmiðla.

Fulltrúi foreldra leikskólabarna lýsti yfir áhyggjum sínum á starfsmannaveltu leikskólans, umhverfis og húsnæðisskorts. Fundarmenn tóku undir þessar áhyggjur.

Mikla umræður voru um húsnæði leikskólans og umhverfið. Fram kom að lóð leikskólans væri ólögleg miðað við öryggisúttekt sem gerð var haustið 2022.

Fundarmenn lýstu yfir óánægju með útilýsinguna við skólana, hún væri ekki góð.

Þetta þarf að laga strax.

Fulltrúar nemenda sögðu að tími væri til kominn að laga ærslabelginn. Hann væri ekki góður og einnig væri skemmdur. Fundarmenn tóku undir áhyggjur þeirra.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Sigríður Sigmundsdóttir